

Ed.

375. Frumvarp til laga

[63. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. febr.)

1. gr.

27. tl. 3. gr. laganna orðist svo:

Áð lækka eða fella niður gjöld af allt að 400 bifreiðum árlega fyrir bæklað fólk eða lamað svo og fólk með lungnasjúkdóma, hjartasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, allt á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis.

Lækkun gjalda af hverri bifreið má nema allt að 500 þúsund krónum og heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 1 milljón króna.

Þó skal heimilt að lækka gjöld af allt að 25 bifreiðum árlega um allt að 1 milljón króna fyrir þá sem mestir eru öryrkjar, en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi má nema allt að 2 milljónum króna af hverri bifreið samkvæmt þessari málsgrein.

Aðilar, sem njóta tollviltunnar samkvæmt 41. tl., geta eigi jafnframt fengið tollviltun samkvæmt þessum tölulíð.

Fjármálaráðherra skipar finnmanna nefnd er úrskurðar umsóknir og gerir tillögur um eftirgjöf gjalda af ofangreindum bifreiðum. Skulu fjórir nefndarmenn vera lækna og skipaðir samkvæmt tilnefningu Öryrkjabandalags Íslands, en sá fimmti skipaður án tilnefningar, og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar.

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður fyrir framan- greint fólk gjöld af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi, svo og af áhöldum og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess samkvæmt læknisvottorði og henta ekki öðru fólk.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.